



Umbótaáætlun Lindaskóla

2023-2024

Umbótaþáttur - Skóla- og bekkjarandi
<p>Tíðni leiðsagnarmats</p> <p>Spurningar sem mynda matsþátt:</p> <p>3.5.1 Kennararnir láta mig vita hve vel mér gengur í náminu.</p> <p>3.5.2 Kennararnir ræða við mig um það sem gengur vel hjá mér og það sem gengur illa hjá mér í náminu.</p> <p>3.5.3 Kennararnir segja mér hvað ég þarf að gera til að ganga betur í náminu.*</p>
Markmið
<p>Að nemendur séu meðvitaðri um námslega stöðu sína og hvaða markmið þarf að uppfylla til að ná betri árangri.</p> <p>Auka ábyrgð nemenda á náminu með markmiðasetningu.</p> <p>Að nemendur verði meðvitaðri um endurgjöf kennara í náminu.</p> <p>Að nemendur upplifi sýnilegri, formlegri og markvissari endurgjöf eða tilsögn.</p> <p>Að kennarar hafi góða yfirsýn yfir námsstöðu hvers og eins nemanda.</p>
Aðgerðir til umbóta
<p>Að viðmið um árangur sé notað markvisst í kennslu og verkefnavinnu.</p> <p>Umsagnir og litir fylgi endurgjöf/námsmati.</p> <p>Að fyrirmæli og markmið verkefna séu skýr.</p> <p>Kennarar tryggi að allir nemendur skilji til hvers er ætlast og veiti einstaklingsfyrirmæli sé þess þörf.</p> <p>Kennarar og stjórnendur kynni sér starfshætti leiðsagnarnáms.</p> <p>Einstaklingsviðtöl – samræður inni í kennslustund.</p> <p>Nemendur og kennarar vinni saman að markmiðasetningu.</p> <p>Mentor – allir nemendur frá 5. - 10. bekk kunni að nota Mentor og að forritið/appið sé uppsett og aðgengilegt í spjaldtölvum nemenda.</p>
Viðmið um árangur
Að vera á pari við landsmeðaltal eða hærri í næstu könnun Skólapúlsins.
Ábyrgðaraðilar
<p>Stjórnendur</p> <p>Kennarar</p> <p>Nemendur</p>
Hvernig og hvenær árangur er metinn
Skólapúlsinn skólaárið 2023-2024

Umbótapáttur - Foreldrasamstarf
<p>Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi <i>Spurningar sem mynda matsþátt:</i> Einhver af kennurum barnsins míns...</p> <p>4.1.1 ...hafði samband við mig (t.d. með orðsendingu, símtali, tölvupósti)* 4.1.2 ...bað mig að fylgjast með heimanámi þess (þ.m.t. heimalestri)* 4.1.3 ...bað mig að ræða við það um skóladaginn 4.1.4 ...bað mig að mæta á viðburð í skólanum*</p>
Markmið
<p>Að efla foreldrasamstarf til að auka öryggi og vellíðan barna í skólanum. Að foreldrar/forráðamenn fái persónulegt upplýsingaflæði. Að skólinn stuðli að sem bestu samstarfi heimilis og skóla. Að Mentor sé virkur vettvangur fyrir upplýsingar frá skóla.</p>
Aðgerðir til umbóta
<p>Öll stig sendi frá sér vikupistla inn á Mentor til að segja frá því helsta í skólasterfinu. Stöðusamtöl eða -skeyti; kennarar sendi póst eða hringi einu sinni á önn í foreldra/forráðamenn til að láta vita um það sem vel gengur hjá nemandanum. Merkja markvisst við jákvæða hegðun og hrós inn á Mentor. Fréttabréf frá stjórnendum í aðdraganda helstu viðburða í skólanum. Bjóða foreldrum í heimsókn til að kynnst skólasterfinu. Kennarar hafi samband eftir því sem þurfa þykir. Setja sér markmið um að heyra í öllum foreldrum/forráðamönnum a.m.k. einu sinni á skólaárinu. Hvetja foreldra að hafa samband, t.d. í lok vikupistla.</p>
Viðmið um árangur
<p>Vera jafn góð eða hærri en landsmeðaltal í næstu könnun Skólapúlsins. Að hafa heyrt a.m.k. einu sinni í foreldrum/forráðamönnum á árinu.</p>
Ábyrgðaraðilar
<p>Skólastjórnendur Kennarar Foreldrar</p>
Hvernig og hvenær árangur er metinn
Í næstu foreldrakönnun Skólapúlsins 2023-2024

Umbótapáttur - Foreldrasamstarf
<p>Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu</p> <p>Spurning sem myndar matsþátt: Hversu oft hefur eftirfarandi gerst á þessu skólaári? Barnið mitt bað mig að...</p> <p>5.2.1 ...fylgjast með heimanámi sínu (þ.m.t. heimalestri)* 5.2.2 ...mæta á viðburð í skólanum* 5.2.3 ...tala við kennarann sinn</p>
Markmið
Að foreldrar séu virkir þátttakendur í námi barna sinna.
Aðgerðir til umbóta
<p>Fjölga viðburðum þar sem forráðamönnum er boðið að koma. Það sem er nú þegar er: skólasetning og skólaslit, helgileikurinn í 4. Bekk og upplestrarkeppni í 4. og 7. bekk.</p> <p>Að hvetja nemendur til að ræða skólann og nám sitt við foreldra/forráðamenn heima fyrir.</p> <p>Hvetja foreldra til að ræða við barnið um námið og skólann.</p> <p>Sýningarverkefni - ákveðin verkefni á önninni séu þess eðlis að hægt sé að fara fram á að nemendur sýni foreldrum sínum heima og fái staðfestingu með undirskrift á verkefnið.</p>
Viðmið um árangur
<p>Foreldrar verði upplýstari um hvað börnin eru að gera í skólanum</p> <p>Að foreldrar/forráðamenn upplifi sig meiri þátttakendur í námi barna sinna.</p> <p>Bæta árangurinn</p>
Ábyrgðaraðili
<p>Kennarar</p> <p>Foreldrar og nemendur</p> <p>Stjórnendur</p>
Hvernig og hvenær árangur er metinn
Í næstu foreldrakönnun Skólapúlsins 2023-2024

Umbótaþáttur - Velferð nemenda
<p>Líðan og heilsa - Einelti</p> <p>Spurningar sem mynda matsþátt:</p> <p>2.5.1 Mér fannst að einhver væri að baktala mig.*</p> <p>2.5.2 Ég var beitt(ur) ofbeldi.</p> <p>2.5.3 Ég var skilin(n) útundan*.</p> <p>2.5.4 Einhver sagði eitthvað særandi við mig.</p> <p>2.5.5 Mér leið mjög illa yfir því hvernig krakkarnir létu við mig.</p> <p>2.5.6 Mér leið mjög illa yfir því sem krakkarnir sögðu um mig eða við mig á netinu.</p>
Markmið
<p>Að allir séu meðvitaðir um að einelti líðst ekki í Lindaskóla.</p> <p>Að öllum líði vel í Lindaskóla.</p> <p>Efla stafræna borgaravitund nemenda.</p> <p>Að engum finnist hann baktalaður og/eða skilinn útundan.</p> <p>Fækka eineltismálum, auka samkennd og jákvæð samskipti innan skólans.</p> <p>Að nemendur, starfsfólk og foreldrar þekki til eineltisáætlunar skólans.</p> <p>Nota eineltisáætlun skólans ef upp koma tilvik um einelti.</p>
Aðgerðir til umbóta
<p>Að vinna markvisst með gildi skólans; vinátta og virðing.</p> <p>Hvetja til reglulegra umræðna um samskipti í skóla og heima.</p> <p>Umræður – fræðsla – forvarnir.</p> <p>Kenna börnum að setja sig í spor annarra.</p> <p>Hópefli t.d. bekkjarfundir og eflandi hópleikir.</p> <p>Virkja foreldra til samstarfs með börnunum, t.d. bekkjarhittingar.</p> <p>Unnið sé eftir eineltisáætlun Lindaskóla <i>Saman í sátt</i>.</p> <p>Eineltismál fari inn í nemendaverndarráð þar sem mál eru metin og sett í ferli út frá þeim úrræðum sem ráðið telur henta best í hvert sinn.</p> <p>Umsjónarkennarar vinni markvisst og reglulega með hópeflisleiki, samvinnuæfingar og haldi bekkjarfundi.</p> <p>Líðan og tengslakannanir lagðar fyrir tvisvar á hverju skólaári, fyrir og eftir áramót.</p> <p>Umsjónarkennarar upplýsi nemendur um aðgengi að námsráðgjöfum, hjúkrunarfræðingi og deildarstjórum.</p>
Viðmið um árangur
<p>Að eineltistilvikum fækki milli ára.</p> <p>Að nemendur og starfsfólk upplifi samheldni í skóla- og bekkjarbrag.</p> <p>Færri tilkynningar og kvartanir.</p> <p>Koma jafn vel eða betur út en landsmeðaltal í Skólapúlsinum 2023-2024.</p>
Ábyrgðaraðili
Starfsfólk skólans, foreldrar og nemendur.
Hvernig og hvenær árangur er metinn
Í reglulegum könnunum Skólapúlsins og tengslakönnunum.

Umbótapáttur - Nám og kennsla
<p>Ánægja nemenda af lestri</p> <p>Spurningar sem mynda matsþátt:</p> <p>1.1.1 Ég les bara þegar ég verð að gera það.</p> <p>1.1.2 Lestur er eitt af uppáhaldsáhugamálum mínum.</p> <p>1.1.3 Mér finnst gaman að tala um bækur við aðra.</p> <p>1.1.4 Ég verð ánægð(ur) ef ég fæ bók að gjöf.*</p> <p>1.1.5 Lestur er tímasóun fyrir mig.</p> <p>1.1.6 Mér finnst gaman að fara í bókabúð eða á bókasafn.</p>
Markmið
Að auka ánægju af lestri.
Aðgerðir til umbóta
<p>Tími til yndislestrar á öllum stigum.</p> <p>Þátttaka í Uglunni, Litlu og Stóru upplestrarkeppninni.</p> <p>Að ljóð og smásögur eftir nemendur séu sýnileg á göngum skólans.</p> <p>Að bækur séu sýnilegar og aðgengilegar í skólastofum og á göngum skólans.</p> <p>Umsjónarkennarar/fagkennarar í íslensku kynni bækur mánaðarins sem safnstjóri velur og sendir umfjöllun til kennara.</p> <p>Lestrarátök og lestrarbingó til að brjóta upp heimalestur.</p> <p>Lestur í nestisstund í 1. - 7. bekk.</p> <p>Áhugaverðar bækur í boði á bókasafni.</p> <p>Bókasafnið sé með þemu og verkefni sem höfða til nemenda, t.d. Halloween þema og jóla safnið.....</p>
Viðmið um árangur
Meiri ánægja af lestri.
Ábyrgðaraðili
Allir sem koma að námi barnanna, í skólaumhverfinu sem og heima. Skólinn og heimilin.
Hvernig og hvenær árangur er metinn
Næsti skólapúls.